



Prestur:
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Bróðurminning:
Ögmundur Jónasson

Organisti:
Guðmundur Sigurðsson

Einsöngvari:
Hildigunnur Einarsdóttir

Kór:
Voces Masculorum

Umsjón útfarar:
Útfararstofa Kirkjugarðanna

*Fjölskylda Björns þakkar samkennd og hlýhug
og býður til erfis á Hótel Borg.*



Björn Jónasson

Fæddur 20. júní 1954
Dáinn 6. september 2024



Útför frá Dómkirkjunni
Þriðjudaginn 17. september 2024

Innspil - Einsöngur

Ave María

Indriði Einarsson - Sigvaldi Kaldalóns

Bæn

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason - Þorkell Sigurbjörnsson

Ritningarlestur

Einsöngur

Hróp mitt er þögult

Hróp mitt er þögult,
þú heyrir það samt,
þögnin hún ómar
í þér, í þér,
ómar eins og vatnið,
streymandi vatnið. -

Þrá mín er þögul,
þú heyrir hana samt,
þráin hún ómar
í þér, í þér,
ómar eins og vatnið,
svalandi vatnið.

Bæn mín er þögul,
þú heyrir hana samt,
bænin hún ómar
í þér, í þér,
ómar eins og vatnið,
lifandi vatnið.

Sigurður Pálsson - Ragnheiður Gröndal

Guðspjall

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjarlarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson - Atli Heimir Sveinsson

Bróðurminning

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls sem er!
Annastu þennan græna reit;
blessaðu, faðir! blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley! sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig;
hægur er dúr á daggarnótt;
dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jónas Hallgrímsson - Jón Nordal

Guðspjall - Kveðjuorð

Land míns föður, landið mitt
laugað bláum straumi,
eilíft vakir auglit þitt
ofar tímans glaumi.
Þetta auglit elskum vér,
ævi vor á jörðu hér
brot af þínu bergi er,
blik af þínum draumi.

Hvíslað var um hulduland
hinst í vestanblænum,
hvítan jökul, svartan sand,
söng í hlíðum grænum.
Ýttu þá á unnarslóð
Austmenn, vermdir frelsisglóð,
fundu ey og urðu þjóð
úti´ í gullnum sænum.

Nú skal söngur hjartahlýr
hljóma´ af þúsund munnum,
þegar frelsisþeyrinn dýr
þýtur í fjalli og runnum.
Nú skal fögur friðartíð
fánann hefja ár og síð,
varpa nýjum ljóma´ á lýð
landsins sem vér unnum.

Hvort sem krýnist þessi þjóð
þyrnum eða rósum,
hennar sögur, hennar ljóð,
hennar líf vér kjósum.
Ein á hörpu íss og báls
aldaslag síns guðamáls
æ hún leiki, ung og frjáls,
undir norðurljósum.

Jóhannes úr Kötlum - Þórarinn Guðmundsson

Bænir

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing

Moldun

Ég lifi´ í Jesú nafni,
í Jesú nafni´ eg dey,
þó heilsa´ og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti´ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Útspil - Einsöngur

Svanasöngur á heiði

Steingrímur Thorsteinsson – Sigvaldi Kaldalóns